



# Félag frjálslyndra jafnaðarmanna

Örstutt söguágrip

Vilhjálmur Þorsteinsson

2012-12-27

# Bandalag jafnaðarmanna

- **Bandalag jafnaðarmanna** var stofnað 15. janúar 1983 að frumkvæði Vilmundar Gylfasonar.
- BJ fékk fjóra þingmenn í kosningum vorið 1983.
- Vilmundur lést 19. júní 1983 og náði ekki að setjast á þing fyrir BJ.
- Þingmenn BJ voru **Guðmundur Einarsson, Stefán Benediktsson, Kolbrún M. Jónsdóttir** og **Kristín S. Kvaran**. Varaþingmenn BJ voru **Kristófer Már Kristinsson** og **Jónína Leósdóttir**.



# Stefnudrög BJ

sem skilur þá að. Þar ræður fámennur valdahópur og nýjungar eins og prófkjör, sem var merkileg tilraun, hafa við íslenskar aðstæður ekki reynt megnugar að losa um valdahnúтана.

Bandalag jafnaðarmanna er ekki einn stjórnmalaflokkur til viðbótar, heldur er það *bandalag gegn flokkunum fjórum*. Í þessum drögum að málefnagrundvelli er lögð áhersla á grundvallarbreytingu á stjórnskipun landsins þar sem lagt er til a) algerlega verði skilið milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds, b) að framkvæmdarvald verði kosið beinni kosningu, þar sem hver maður hafi eitt og jafnt atkvæði og c) að því gefnu sé réttlætlegt að kjördæmaskipun, kosningar til löggjafarþings, verði *óbreytt*. Gamla flokka-kerfið hefur glímt við að leysa svokölluð kjördæmamál árum saman, en hagsmunaárekstrar hafa reynt svo megnir, að enginn árangur hefur náðst. Undirstrikað skal, að nái þessar tillögur fram að ganga í einhverri mynd, og verði annar armur valdsins, framkvæmdavaldið, kosið beinni kosningu, þá eru um leið upprættir verstu agnár flokksræðisins, svo sem aðgangur þess umfram aðra landsmenn að opinberum peningastofnunum. Afar líklegt má telja að flokkaskipan í landinu tæki í kjölfar slíkrar umskipunar róttækum breytingum, og mið af þörfum og skoðunum fólksins í landinu.

Tillögur Bandalags jafnaðarmanna um *nýskipan í stjórnarskrármálum* eru um leið tillögur um að brjóta á bak aftur hin þröngu flokksvöld og koma á algerlega nýrri skipan. Þess vegna er Bandalag jafnaðarmanna *ekki einn flokkurinn enn*, heldur *Bandalag gegn flokkunum*.

## FRELSI OG JÖFNUÐUR VALDDREIFING OG ÁBYRGÐ

Bandalag jafnaðarmanna hefur hin klassísku markmið jafnaðarstefnunnar, *frelsi og jöfnuð*, að leiðarljósi, en leggur sérstaka áherslu á *nýjar róttækar leiðir* að þeim; ný viðhorf og kerfisbreytingar sem m.a. miða að því að draga úr beinni miðstýringu ríkisvalds, ópersónulegri forsjarhyggju, skrifræði og *sóun*. Mikill árangur hefur náðst með mörg af baráttumálum jafnaðarmanna fyrir betra og réttlátara þjóðfélagi. Það verður þó sífellt viðfangsefni að gera samfélagsgerðina þannig úr garði að sérhver einstaklingur lifi við fulla reisu, og njóti alls þess frelsis til orða og athafna, sem ekki skadar eða skerðir frelsi, reisu og réttláta hlutdeild annarra. Þess vegna verður stöðugt að útfæra þessi

klassísku markmið á róttækan hátt og endurskoða hefðbundnar leiðir og þann árangur, sem þær hafa fært. Sérstakt viðfangsefni á þessu sviði í dag er auknið jafnrétti og jöfnuð tækifæra fyrir kynin og minnihlutahópa.

Í tillögum sínum um kerfisbreytingar og framfarir mun Bandalag jafnaðarmanna leggja sérstaka áherslu á *valddreifingu og lýðræði*, og aukna *ábyrgð* sjálfstæðra eininga og einstaklinga. Hinum *smáu* einingum í samfélagsgerð og atvinnulífi verði sköpuð skilyrði til aukins sjálfræðis og áhrifa.

Tillögur Bandalags jafnaðarmanna um valddreifingu ná þannig til ædstu stjórnar ríkisins, sveitarstjórna, félagslegra hagsmunasamtaka, íbúasamtaka og vinnustaða. Þær hljóta einnig að hafa áhrif á starfshætti stjórnmalahreyfinganna sjálfra. Markmiðið með hinni nýju skipan er að styrkja ríkisstjórnir gagnvart hagsmunaöflum og spillingu, efla raunverulegt lýðræði og auka áhrif almennings.

Samhliða valddreifingu ber að leggja áherslu á að hinar sjálfstæðu einingar og einstaklingar í forystuhlutverkum verða að axla *ábyrgð* af gjörðum sínum.

Bandalag jafnaðarmanna stendur vörð um velferðarríki þar sem einstaklingurinn og reisu hans er í öndvegi; þar sem síaukin áhersla er lögð á frelsi mannsins; þar sem brotist verði út úr viðjum flókinna laga og reglugerða; og þar sem *fyrirtæki, einstaklingar og samtök þeirra bera í vaxandi mæli ábyrgð á því sem þau gera, semja um eða ákveða að öllu leyti*.

## BLANDAÐ HAGKERFI

Bandalag jafnaðarmanna aðhyllist *blandað hagkerfi* einkarekstrar, samvinnurekstrar og opinbers rekstrar (ríkis og þó einkum sveitarfélaga), þar sem *brjóta ber niður einokun hvers konar*. Stuðla ber að auknu lýðræði og aðhaldi í opinberum og öðrum félagslegum rekstri.

Markaðshyggjumenn og Marxistar hafa snúist gegn þeirri leið þjóðarsátta og framfara sem blandaða hagkerfið felur í sér. Bandalag jafnaðarmanna leggur áherslu á þann mikla árangur sem orðið hefur í blönduðum hagkerfum Vesturlanda á eftirstríðsárunum. Þau hafa verið grundvöllurinn að mestu aukningu velsældar í mannkynssögunni og, þar sem jafnaðarstefnan hefur náð fram að ganga, stuðlað að réttlátari skiptingu lífsgæðanna.

Ný vandamál hafa hins vegar herjað á þessi þjóðfélög síðustu árin, t.d. minnkandi hagvöxtur, aukin verðbólga og atvinnuleysi. Þessi vandamál hafa skapað sundrunu og auknið þjóðfélagsleg átök. Ný vandamál kalla á nýjar lausnir, nýja aðlögun í anda jafnaðarstefnunnar. Bandalag jafnaðarmanna

# Nokkur þekkt nöfn í BJ

- **Óðinn Jónsson** fréttastjóri RÚV
- **Lára Hanna Einarsdóttir** bloggari
- **Stefán Ólafsson** prófessor
- **Ragnheiður Ríkharðsdóttir** alþingismaður
- **Frosti Bergsson** framkvæmdastjóri
- **Hanna María Pétursdóttir** prestur
- **Ágúst Einarsson** fv. rektor á Bifröst

# Landsfundur BJ 1985



Fámennt var á landsfundi Bandalags jafnaðarmanna um helgina.

DV-mynd: KAE.

## Regnhlífarsamtök breytast í flokk:

# „Við þurfum skipulag“

Fámenni einkenni landsfund BJ sem haldinn var um helgina í Attahagsal Hótel Sögu og lauk um kvöldmatarleytið í gær. Samþykktar voru róttækar skipulagsbreytingar á Bandalaginu og kosið var í forystustöður. Flesta fundarmenn þurfti að nýta svo hægt væri að manna í stöðurnar.

„Það hlaut að koma að því að BJ eignaðist formenn.“ varð nýkjörnum formanni BJ, Guðmundi Einarssyni þingmanni, að orði eftir kosningarnar. Vilhjálmur Þorsteinsson, 19 ára tölvuséni, var kosinn varformaður. Sigurjón Valdimarsson formaður landsnefndar, Þorsteinn Hákonarson varaformaður landsnefndar og Örn S.Jónsson formaður framkvæmdarnefndar. Stefán Benediktsson, þingmaður BJ, var kosinn formaður þingflokks BJ og lætur því

Guðmundur Einarsson af því embætti.

### REGNHLÍFARSAMTÖKIN BREYTAST Í FLOKK

„Skipulagsleysi BJ er ástæðan fyrir því að við fáum ekki fólk til liðs við okkur.“ sagði nýkjörinn formaður landsnefndar á fundinum. „BJ hefur þjáðst af skipulagsfælni sagði nýi formaðurinn, Guðmundur Einarsson. „Við þurfum skipulag.“ sagði Helgi Guðmundsson, sem kjörinn var í landsnefnd BJ. Allir voru sammála um að skortur á skipulagi hefði komið BJ í koll og væri rötin að því hvernig komið væri fyrir Bandalaginu í dag. „Ef skipulag hefði ríkt hefðu deilurnar í haust ekki komist á yfirborðið, þær hefðu verið þaggðar niður.“ sagði einn fundarmanna við DV í gær.

Samkvæmt nýja skipulaginu á BJ á að skipa formann á formann ofan, landsfund, landsnefnd, 5 manna framkvæmdarnefnd, sem fer m.a. með fjárhags- og starfsmál BJ í samráði við landsnefnd og þingflokk, landsnefnd skipaða átta mönnum sem stuðla á að umræðum og frekari útfærslu á stefnu BJ og einnig að skipuleggja vinnunefndir og opna málfundi.

### ANDÓFSHÓPURINN LET EKKI SJÁ SIG

Enginn var mættur úr andófhópnum svonefnda nema Kolbrún Jónsdóttir þingmaður, Kristín Kvaran var ekki, formaður andófshópsins, Þorlákur H. Helgason kennari, var ekki, Jónína Leósdóttir varaþingmaður var ekki heldur. Ekki sást til Valgerðar Bjarnadóttur og ekki Kristófers Mús Kristinssonar. „Þetta

fólk biður átehta.“ sögðu fundarmenn.

### FÁAR KONUR

„Við erum mannlegasti stjórn málaflökkurinn.“ sagði tölvu-sénið unga, Vilhjálmur varaformaður. „Sá kvenlegasti er Kvennalistinn.“ sagði hann einnig. Það er ljóst að landsfundur BJ var allt annað en kvenlegur. 3-4 konur sóttu fundinn. Aðeins ein kona var kosin í forystustöðu, Kolbrún Jónsdóttir, sem kjörin var varaformaður þingflokksins.

### STJÓRN MÁLAÁLYKTUNIN

„Stjórn framtíðarinnar á að vera lýðræðisleg, sveigjanleg, skilvirk og ábyrg.“ segir í stjórn málaályktuninni sem samþykkt var. Er þetta beint upp úr ræðu Vilhjálms Þorsteinssonar, varaformannsins, sem hann flutti á laugardaginn. -KB

# Landsfundur BJ 1985



„Við ætlum ekki að klastra í sprungurnar“ segir nýkjörinn formaður BJ, Guðmundur Einarsson. DV-mynd: KAE.

## „Þú bætir ekki Frankenstein“

— segir Guðmundur Einarsson, nýkjörinn formaður BJ

„Við ætlum ekki að klastra í sprungurnar í kringum okkur. Eins og Desmond Tutu biskup sagði: „Þú bætir ekki Frankenstein, þú eyðileggur hann.“ Við viljum ekki bæta kerfið við viljum brjóta það. Það verður að gera róttækar breytingar

á þjóðfélaginu til að uppræta siðspillinguna og ábyrgðarleysið. Ég held, ég er alveg viss um, ég veit að BJ á erindi,“ sagði Guðmundur Einarsson sem kosinn var formaður BJ á landsfundinum sem haldinn var um helgina. -KB

## Tölvuséni nýr varaformaður BJ:

# „Er ekki í þessu bara af hugsjón“

„Ekki hægt að búa til forrit fyrir íslenska þjóðfélagið, það er ekki nógu visindalegt til þess að vera tölvutækt. Mannlegir þættir eru óforritanlegir,“ sagði hin nýja stjarna BJ, Vilhjálmur Þorsteinsson, 19 ára. Hann var á landsfundi BJ, sem lauk í gær, kosinn varaformaður Bandalagsins. Hann er tölvuséni og er eigandi Íslenskrar forritapróunar hf., tölvufyrirtækis sem hefur samið 250 forrit fyrir fyrirtæki og stofnanir á Íslandi, m.a. fyrir Alþingi. Auk þess er hann stjórnarformaður Artek sem flytur út hugbúnað. Hann er líka í tölvunarfræði og eðlisfræði í Háskóla Íslands.

Ertu séni?

„Eru til séni? Ég framkvæmi þá hluti sem mig langar til.“

Hefurðu nægan tíma til þess að stunda pólitík?

„Það er gaman að þessu og ég verð að gefa mér tíma til þess. Ég er strax settur í ábyrgðarstöðu. Það hefði ekki gerst í öðrum flokkum.“

Ætlar þú að verða alþingismaður?

„Aldrei að vita hvað gerist seinna, miðað við núverandi aðstæður er ekki um það að ræða.“

Ert þú nýi Vilmundur BJ?

„Ég er skynsemishyggjumaður sem er fæddur á jörðinni. Er ekki í þessu bara af hugsjón.“

- KB



Nýi varaformaðurinn innan um tölvunar sínar.

DV-mynd: KAE.

**Bandalag jafnaðarmanna lagt niður á sögulegum fundi í nótt:**

# Þingmenn BJ í Alþýðuflokkinn

**SÖGULEGUR** fundur var haldinn í þingflokki, landsnefnd og framkvæmdastjórn Bandalags jafnaðarmanna í gærkveldi, en þar var tekin ákvörðun um að leggja niður Bandalag jafnaðarmanna, stofna Félag frjálslyndra jafnaðarmanna og ganga til liðs við þingflokk Alþýðuflokksins.

Þau Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir og Stefán Benediktsson, þingmenn Bandalags jafnaðarmanna héldu í gærkveldi fund með helstu frammönnum BJ þar sem til umræðu var að leggja niður Bandalag jafnaðarmanna og að þeir sem gegna trúnaðarstörfum fyrir BJ gangi til liðs við þingflokk Alþýðuflokksins. Fundurinn varð mun lengri en gert hafði verið ráð fyrir, þar sem honum lauk ekki fyrr en að ganga 2 í nótt. Þá höfðu fundarmenn samþykkt yfirlýsingu, þar sem segir að nú hafi myndast grundvöllur fyrir samvinnu Bandalags jafnaðarmanna og Alþýðuflokksins. „Þess vegna



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Við upphaf fundar þingflokks Bandalags jafnaðarmanna í gærkveldi, en framkvæmdastjórn flokksins sat einnig þennan fund.**

ákveða þeir sem gegna trúnaðarstörfum á vegum Bandalags jafnaðarmanna nú, að segja af sér þeim störfum. Þess í stað hafa einstaklingar úr röðum þess myndað Félag frjálslyndra jafnaðarmanna sem gengur til liðs við Alþýðuflokkinn á næstu dögum,“ segir í yfirlýsing-

unni.

Þingmennirnir þrír munu hyggja á áframhaldandi stjórnmalapáttöku innan vébanda Alþýðuflokksins. Morgunblaðið hefur heimildir fyrir því að Stefán Benediktsson hyggist taka þátt í prófkjöri Alþýðuflokksins í Reykjavík fyrir

næstu alþingiskosningar, og stefna á þriðja sætið. Talið er að Guðmundur muni taka þátt í prófkjöri flokksins í Reykjaneskjördæmi.

## Guðmundur Torfason fer til Berlínar

GUÐMUNDUR Torfason knattspyrnumaður úr Fram, leikmaður Íslandsmótsins og markakóngur þess, mun fara til viðræðna við forráðamenn þýska 1. deildar félagsins Blau Weiss Berlin síðar í þessari viku.

Guðmundur fór til Póllands í morgun ásamt félögum sínum úr Fram þar sem þeir leika við Katowice í Evrópukeppninni en eftir þann leik ætla hann til Berlínar þar sem hann mun athuga aðstæður hjá félaginu.

**Sjá nánar á blaðsíðu 1B í dag.**

# Alþýðublaðið 2. okt. 1986

*Félag Frjálslyndra jafnaðarmanna:*

## Aðildin einróma samþykkt í flokksstjórn

Á flokksstjórnarfundi Alþýðuflokksins í fyrrakvöld var einróma samþykkt að veita Félagi frjálslyndra jafnaðarmanna aðild að Alþýðuflokki. Í ræðum fundarmanna kom fram mikill stuðningur við þessa aðild.

Fundinum barst eftirfarandi bréf frá hinu nýja félagi: „Hið nýstofnaða Félag frjálslyndra jafnaðarmanna sækir hér með um aðild að Alþýðuflokki. Félagið skuldbindur sig til að hlíta stefnuskrá Alþýðuflokksins og undirgangast lög hans. Meðfylgjandi eru lög félags-

ins og yfirlýsing fyrrum trúnaðarmanna Bandalags jafnaðarmanna.“

Í lögunum kemur m.a. fram, að tilgangur félagsins sé að vinna að framgangi upplýstrar jafnaðarstefnu í anda valddreifingar, lýðræðis og frelsis. Þetta skuli gert með útgáfustarfsemi, ráðstefnum og öðrum þeim aðferðum sem vænlegar þykja stefnunni til framdráttar.



# Alþýðublaðið 27. nóv. 1987

## KRATAKOMPAN

### Jafnaðarmenn

Félag frjálslyndra jafnaðarmanna boðar til kvöldverðarfundar mánudaginn 30. nóv. n.k. Gestur fundarins verður Svanur Kristjánsson stjórn málafræðingur sem flytur erindi um jafnaðarstefnuna í nútíð og framtíð í ljósti atburða síðustu vikna og mánaða.

Fundurinn hefst stundvíslega kl. 19.30 í Veitingahöllinni í Húsi verzlunarinnar. Allir velkomnir.

**Stjórnin.**

# Alþýðublaðið 6. des. 1988

## **Félag frjálslyndra jafnaðarmanna**

Félag frjálslyndra jafnaðarmanna boðar til almenns fundar í kvöld þriðjudag 6. des. kl. 20.30 í Litlu Brekku v/Bankastræti.

Gestur fundarins er Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. sem ræðir um íslenskt réttarkerfi.

Allt áhugafólk velkomið.

# Alþýðublaðið 23. des. 1988

## **ÁRSHÁTÍÐ, fundur og þrettándagleði**

Föstudaginn 6. janúar næstkomandi klukkan 20.00 stendur Félag frjálslyndra jafnaðarmanna fyrir fundi, árshátíð og þrettándagleði í Naustinu (Símonarsal).

Aðalræðumaður kvöldsins er utanríkisráðherra og formaður Alþýðuflokksins, Jón Baldvin Hannibalsson. Veislustjóri er Stefán Friðfinnsson. Verður margt til gamans gert, skemmtiatriði og glatt á hjalla.

Á matseðli kvöldsins verður forréttur, aðalréttur og kaffi á eftir. Verði veitinga er mjög í hóf stillt, eða kr. 1.700 á mann. Skorað er á menn að taka maka og vini með sér.

Láttu ekki tækifærið til að halda ærlega upp á þrettándann í góðum félagsskap fram hjá þér fara. — Skráðu þig sem fyrst, fyrir 3. janúar, hjá Karli Th. Birgissyni formanni F.F.J. í síma 15409, eða hjá Dóru á skrifstofu Alþýðuflokksins í síma 29244.

**Stjórnin**

Allir velkomnir.

# Sameining jafnaðarmanna rædd 1989

*A-flokkasamstarf*

## Óeining um fundarboð

*Félag frjálslyndra jafnaðarmanna sér ekki lengur tilgang í að vinna með Alþýðubandalagsfélagi Reykjavíkur að sameiginlegum fundi um samruna A-flokkanna.*

Karl Th. Birgisson formaður Félags frjálslyndra jafnaðarmanna segir félagið ekki lengur sjá tilgang í samstarfi við Alþýðubandalagsfélag Reykjavíkur um að halda sameiginlegan fund um sameiningu A-flokkanna og samstarf jafnaðarmanna.

Ráðgert var að halda fundinn þann 25. febrúar. Karl segir að formenn félaganna hafi þegar verið búnir undarbúa fund en séu orð þeirra nú að engu höfð af hálfu ABR, sem vilji leita til annarra aðila innan Alþýðuflokksins. Stefania Traustadóttir formaður ABR segir Karl Birgisson hafa vitað um fyrirvara sem var af hálfu Alþýðubandalagsfélags Reykjavíkur.

Félag frjálslyndra jafnaðarmanna sendi Alþýðubandalagsfélaginu í Reykjavík bréf í nóvember og bauð því að halda sameiginlegan fund um samstarf jafnaðarmanna. Karl segir bréfinu hafa verið vel tekið, en þó hafi tvær athugasemdir verið gerðar. „Þau vildu Alþýðuflokksfélagið í Reykjavík inn í þetta og vildu fá að halda félagsfund í millitíðinni. Það var auðvitað alveg sjálfsagt fyrir þau að halda fund, en hitt var aldrei umræðuhæft af okkar hálfu.“

Alþýðubandalagsfélagið hélt síðan félagsfund í janúar og eftir það fóru formaður

félagsins og formaður Félags frjálslyndra jafnaðarmanna, að skipuleggja fundinn. Finna honum stað, tíma og fundarform. Að sögn Karls lá ákvörðun á borðinu fyrir 10 dögum síðan, en í síðustu viku var stjórnarfundur í ABR. „Formaður stjórnarinnar kom af þeim fundi með þá yfirlýsingu, að ABR vilji halda þennan fund með Alþýðuflokksfélagi Reykjavíkur.“

Karl segir að síðan þá hafi ABR aftur skipt um skoðun og standi nú í bréfaskriftum við fulltrúaráð Alþýðuflokksfélaganna í Reykjavík. „Þau eru sem sagt að leita að aðila sem þau telja flokkslega sambærilegan við sitt félag. Það eru 5-6 alþýðuflokksfélög í Reykjavík og hafa öll sömu stöðu þar. Munurinn á Félagi frjálslyndra og hinum er kannski sá að við erum lifandi og höldum fundi. Alþýðuflokksfélag Reykjavíkur hefur mér vitanlega ekki haldið fund mánuðum saman. Í framhaldi af öllu þessu rugli höfum við hins vegar ákveðið að reyna að finna þessu áhugamáli okkar annan tarveg.“

„Að gefnu tilefni var itrekað að stjórn Reykjavíkurfélagsins hafði á fyrsta fundinum lýst yfir að hún vildi standa svona að þessu. Karli Birgissyni var sagt frá þessu

strax. Þetta kemur engum á óvart. Mér var falið að vinna þetta áfram,“ sagði Stefania Traustadóttir. Henni var falið að leita til alþýðuflokksfélaganna í Reykjavík. „Við erum ekki búin að loka á neitt. Við viljum fá þessa umræðu upp. Ekki að hún verði á einhverjum lokuðum fundum með ónafngreindum einstaklingum.“

Karl sagði athyglisvert, að þrjár konur sem sætu í stjórn ABR hefðu komist að þessari niðurstöðu. „Þær virðast svo uppteknar af forminu að þær hafa ekki enn komist að efninu eftir þriggja mánaða þóf. Eihvernum tímann hefði það kallast gamaldags karlapólitík,“ sagði Karl Th. Birgisson.

## Vigdís ritar

Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands hefur ritað bréf til forseta V-Þýskalands vegna þeirra viðskiptaþvingana sem Íslendingar eru beittir þar á landi.

Þrír ráðherrar hafa einnig ritað bréf sama efnis til

*Alþýðuflokkur*

## Vilja víðtækar umræður

*Kratar vilja víðræður við alla nema Sjálfstæðismenn. Leitað eftir samstarfsgrundvelli*

Stjórn fulltrúaráðs Alþýðuflokksfélaganna í Reykjavík vill að fram fari víðræður allra þeirra stjórnaráhreyfinga sem kenna sig við félagshyggju, þar sem rætt verði m.a. um með hvaða hætti þessar hreyfingar geti átt sem best samstarf um að ná fram sameiginlegum markmiðum sínum.

Þessi samþykkt fulltrúaráðsins var bókun á fundi þess á dögnum sem svar við bréfi frá Alþýðubandalaginu í Reykjavík til ráðsins. Þar var m.a. lagt til að ABR og fulltrúaráð Alþýðuflokksins í Reykjavík stæðu fyrir sameiginlegum fundi um samstarf A-flokkanna, en áður hafði Félag frjálslyndra jafnaðarmanna óskað eftir slíkum fundi með ABR.

Bréf fulltrúaráðs Alþýðuflokksins var sent til ABR, fulltrúaráðs Borgaraflokksins, fulltrúaráðs Framsóknarflokksins og Samtaka um Kvinnalista og einnig til formanna þingflokka og borgarfulltrúa ofangreindra flokka.

Í bréfinu segir m.a. að til að árangur víðræðna þessara flokka geti orðið sá er vonir standi til, sé skilyrði að til þeirra komi strax.

– Leiði þær víðræður svo til þeirrar ánægjulegu niðurstöðu, að þær pólitísku félagshyggjuhreyfingar, sem að þeim standa geti sameinast um stefnuyfirlýsingu, þá er fundinn samstarfsvettvangur, og að honum fengnum telur stjórn fulltrúaráðsins að orðið sé tímabært að ræða um formlegt samstarf þeirra stjórnaráhreyfinga, segir jafnframt í bréfinu.



Ahugasamir ráðstefnugestir bera saman bækur sínar.

*Almennur skilningsskortur vandamálið, segir Páll Skúlason*

# Siðspilltir lögfræðingar

**„Stjórnmál snúast um hið opinbera. Hið opinbera er það sem blasir við öllum og við öll eigum hlutdeild í sem stjórnmálaverur. Það er tæki okkar, verkfæri mannfélagsins, til að taka ákvarðanir í sameiginlegum málum okkar, leiða mál sem verða hag almennings til lykta,“ sagði Páll Skúlason prófessor á ráðstefnu Félags frjálslyndra jafnaðarmanna um stjórnarhætti og stjórnarskrá, en þar var siðfræði í stjórnmálum meginviðfangsefnið.**

ekki að undra þó við hötumst við allt sem kemur frá hinu opinbera. Páll segir að mælskulist og kapp-ræðustill gjörspillir allri skynsamlegri stjórnmálalegri umræðu á Íslandi.

Sinnuleysi almennings og ægivald siðblindra stjórnmálamanna sem ná hylli almennings með því að beita brögðum mælskulistar og kappræðu er það sem einkennir

1. Verndi mannréttindi, t.d. réttindi til tjáningar og gagnrýni. 2. Hlúi að og verndi lýðræðið. 3. Hafi tiltrú almennings og sé hafid yfir tortryggni. 4. Sé skilvirkt og þjóni hagsmunum almennings eins og best verður á kosið. 5. Sé treystandi til að hafa eftirlit með sjálfa sér og dæma réttlátlega í sjálfs sín sök.

Alþýðublaðið  
22. febrúar  
1991

# Alþýðublaðið 9. júlí 1991

## **Á nýju ljósi**

### **Breiðfylking jafnaðarmanna í nýju ljósi**

Miðvikudaginn 10. júlí nk. verður fundur í Naustinu (efti hæð) kl. 20.30.

#### **Gestir fundarins:**

Ellert B. Schram, ritstjóri DV, og Guðmundur Ólafsson hagfræðingur.

#### **Umræðuefnið:**

Hverjar eru hinar nýju fylkingar í íslenskum stjórnmálum? Hvar eiga jafnaðarmenn og frjálslynt fólk samherja? Hvað er að fréttu af breiðfylkingu jafnaðarmanna?

Allir velkomnir.

**Félag frjálslyndra jafnaðarmanna.**

# Alþýðublaðið 27. mars 1992

Félag frjálslyndra jafnaðarmanna

## Ísland eina Vestur- Evrópuríkið utan EB?

Opinn fundur í Rósinni 31. mars, kl. 20.30–23.00.

Í ljósi þess að flest EFTA-rikin eru um það bil að sækja um aðild að EB og ekki er ljóst um niðurstöðu samninga um EES telur stjórn félagsins ástæðu til að gefa félagsmönnum og öðrum er áhuga hafa tækifæri til að fræðast um og ræða röksemdir með og á móti inngöngu Íslands í EB við fyrirsjáanlegar aðstæður.

Málshefjendur verða þeir:

**Gunnar Helgi Kristinsson**  
dósent, sem sérstaklega hefur kynnt sér lög og starfshætti EB og



**Ólafur Davíðsson** ráðuneytis-  
stjóri, sem m.a. í sínu fyrra  
starfi hjá F.Í.L. kynnti sér efna-  
hagslegt samstarf Evrópuríkja  
út frá hagsmunum íslensks  
iðnaðar.

Fundarstjóri verður **Össur  
Skarphéðinsson** alþingis-  
maður.



Fundargjald er kr. 300.-

Allir velkomnir.



Gunnar Helgi  
Kristinsson



Ágúst Einarsson



Jón Sigurðsson

**Félag frjálslyndra jafnaðarmanna**

# Opinn fundur um atvinnustefnu

**FÉLAG frjálslyndra jafnaðarmanna, sem er aðildarfélag að Alþýðuflokknum, býður áhuga-fólki um íslensk atvinnu- og efnahagsmál til opins fundar fimmtudaginn 3. september nk. kl. 20.30 á Kornhlöðuloftinu við Bankastræti 2.**

Efni fundarins er íslensk atvinnustefna, hver hún hafi verið á síðustu tveimur áratugum, að hve miklu leyti hún sé skýringin á erfiðri stöðu í dag og loks hver séu æskilleg afskipti ríkisvaldsins af þróun atvinnumála.

Í fréttatilkynningu frá félaginu segir: „Íslenskir stjórnámálmenn hafa á síðustu misserum verið gagnrýndir harkalega fyrir afskipti þeirra af atvinnumálum og eru þeir jafnvel taldir hafa gert mögulega milljarða sóun í fiskeldi, loðdýrarákt, hefðbundnum landbúnaði svo og offjárfestingar í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Vilja sumir gagnrýnenda ganga svo langt að segja að

þessi afskipti stjórnámálanna séu ein meginskýringin á þeirri stöðnun esm ríkt hefur í íslensku efnahagslífi síðustu fimm ár. Í næstu viku kemur út bókin Atvinnustefna á Íslandi eftir dr. Gunnar Helga Kristinsson dósent o.fl. Megniðurstaða Gunnars Helga er að afskipti stjórnámálanna hérlendis af atvinnumálum séu bæði meiri og með öðrum hætti en í þeim löndum sem við berum okkur saman við og tekur hann að nokkru undir þá gagnrýni sem rakin var hér að framan. Á fundinum mun hann gera grein fyrir niðurstöðum bókarinnar en síðan munu þeir Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Ágúst Einarsson prófessor í rekstrarhagfræði ræða niðurstöður Gunnars Helga og eins þá brýnu spurningu, hvert eigi að vera hlutverk ríkisins í uppbyggingu og þróun atvinnulífs á Íslandi. Fundarstjóri verður Ólafur Þ. Harðarson stjórn-málafræðingur.“

# Morgunblaðið

## 2. september

### 1992



FÉLAG FRJÁLSLYNDRA JAFNAÐARMANNA

# HUGSJÓNIR OG HAGSMUNIR Í STJÓRN MÁLUM SAMTÍMANS

Á næsta ári verða liðin 25 ár frá stúdentaóeirðunum í París 1968. Þá var spurt margra spurninga um stjórnarfar og stjórn mál og svara leitað við lífsgátunni. Á þessum árum sem liðið hafa síðan þá hafa miklar breytingar orðið í heiminum.

Aðalvígi kommúnismans er hrúnið til grunna. Frjálshyggjan er á undanhaldi og ljóst er að markaðurinn leysir ekki öll manna meín. Sunnan til í Evrópu ríkir ófriður og flest ríki álfunnar hyggja á stóraukin pólitísk og efnahagsleg tengsl. Í þriðja heiminum geisa farsóttir og hungur með engu minni ógn en áður. Um leið og stjórn málamenn telja sig hafa leyst eitt vandamál birtast önnur á sjóndeildarhringnum.

## Höfum við gengið til góðs? Hvert er innihald stjórn málanna?

Félag frjálsslyndra jafnaðarmanna efnir til ráðstefnu miðvikudaginn 25. nóvember næstkomandi. Fundurinn hefst klukkan 20:00 og verður á Kornhlöðuloftinu við Bankastræti 2, Reykjavík.

Á ráðstefnunni verður leitað svara við spurningum eins og þessum:

- \* Tilheyrja hugsjónir liðinni tíð í stjórn málum?
- \* Hefur rekstrarhagfræði tekið við af sósíalísma og frjálshyggju?
- \* Er stóru verkefnunum og hugsjónaátökunum lokið í vestrænum lýðræðisþjóðfélögum?
- \* Taka stjórn mál um of mið af hagsmunum og áhugamálum menntafólks?
- \* Þarf nýja pólitík, nýjar áherslur?

Á ráðstefnunni verða flutt stutt, 15 mínútna erindi og að framsöguræðum loknum verða umræður og fyrirspurnir.

Erindi flytja:

**Jón Baldvin Hannibalsson**,  
utanríkisráð-  
herra:  
Hagsmunir og  
hugsjónir.



Jón Baldvin  
Hannibalsson



Kristín  
Ástgeirsdóttir



Guðmundur  
Ólafsson



Eyjólfur Kjalar  
Emilsson



Ólafur P.  
Harðarson

**Kristín Ástgeirsdóttir**, al-  
þingiskona fyrir Kvinnalístan: Við þröskuld nýrrar aldar.

**Guðmundur Ólafsson**, hagfræðingur: Hvað viljum við?

**Eyjólfur Kjalar Emilsson**, heimspekingur: Eru stjórn mál bara tæknilegt úrlausnarefni?

**Ólafur P. Harðarson**, stjórn málfræðingur: Lýður og leiðtogar; Eru böndin að bresta?

Ráðstefnustjóri verður **Guðmundur Einarsson**, aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráð-  
herra.

Ráðstefnan er öllum opin. Ráðstefnu- og kaffigjald verður aðeins 600 krónur. Á fundum FFJ að undanfórnu hefur verið húsfyllir. Svo verður einnig að þessu sinni, þannig það er vissara að mæta snemma.

Alþýðublaðið  
25. nóvember  
1992



Bjarni



Guðjón



Jónas



Karl Steinar

# Morgunblaðið

## 30. mars 1993

### Félag frjálslyndra jafnaðarmanna

# Er ný siðbót tíma- bær í stjórnámálum?

**MORGUNBLAÐINU** hefur borist eftirfarandi fréttatilkynning:

„Nú stendur yfir mikil vorhreiningin í ítölskum stjórnámálum, þar sem flett er ofan af hverju spillingar-málinu á fætur öðru. Með hlíðsjón af því, og almennum breytingum á íslensku þjóðfélagi undanfarinn áratug í átt til opunar og nútímalegri stjórnarháttá, má spyrja hvort röðin sé komin að nýrri siðbót í íslenskum stjórnámálum.

Þarf ekki að móta skýrari reglur og hefðir um ábyrgð stjórnámála-manna og opinberra embættis-manna? Stjórnámálamönnum er nauðsynlegt að vita hver staða þeirra er og kjósendur vilja vita hvernig stjórn-málamenn fara með það umboð sem þeim er veitt í kosningum. Hver ber ábyrgðina ef eitthvað fer úrskeiðis?

Hvers vegna eru reikningar íslenskra stjórnámálaflokka ekki opnir almenningi? Er tímabært að setja reglur um fjármögnun og framkvæmd flokksstarfs og kosningabaráttu, eins og þekktist í ýmsum öðrum löndum? Er ekki ástæða til þess hjá stjórnámálaflokki sem vill verðskulda traust kjósenda að setja sér siðareglur og skipa valdamikla síðanefnd,

eins og tíðkast hjá ýmsum fagfélögum? Eða er það óhjákvæmilegt lög-mál að valdi fylgi spilling?


Á fundi FFJ á þriðjudagskvöld verða þessar spurningar ræddar auk annarra atriða varðandi siðferði og stjórnámál hérlendis og erlendis. Allir frummælendur þekkja þessi mál vel úr námi og starfi og er ástæða til að ætla að umræður verði bæði fróðlegar og skemmtilegar.

Frummælendur verða:

*Bjarni Vestmann*, stjórnámálafræðingur. Bjarni skrifað BA-ritgerð um siðferði og siðareglur í stjórnámálum hérlendis og erlendis. *Guðjón Friðriksson*, sagnfræðingur. Guðjón ritaði nýlega grein í tímaritið Heimsmynd um þróun siðferðishefða í íslenskum stjórnámálum. *Jónas Kristjánsson*, ritstjóri. Jónas hefur í ræðu og riti gagnrýnt siðferðisstig íslenskra stjórnámálamanna og -flokka og krafist umbóta. *Karl Steinar Guðnason*, alþingismaður og formaður fjárlaganefndar. Karl Steinar hefur margra ára reynslu af félagsmála- og stjórnámálastarfi og þekkir gjörlla innviði íslenskra stjórnámála. Fundarstjóri verður Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarmaður í FFJ.“

# Hálfleikur!

Nýir menn: nýir tímar, nýjar aðferðir?



Guðmundur Árni Stefánsson



Össur Skarphéðinsson

**Fundur á Sólon Íslandus miðvikudagskvöld 16. júní kl. 20:30**

Nú er kjörtímabil þings og stjórnar hálfnað og Alþýðuflokkurinn hefur stokkað upp í ráðherraliði sínu. Ríkisstjórnin hefur galdið kreppunnar, en er það nægileg skýring fyrir þá sem vonuðust eftir róttækari umbótum á íslensku þjóðfélagi? Verður seinni hálfleikurinn betur leikinn af hálfu stjórnarflokkanna?


Félag frjálslyndra jafnaðarmanna boðar til fundar á kaffihúsinu Sólon Íslandus við Bankastræti (efri hæð) nk. miðvikudagskvöld, þar sem ráðherrarnir Guðmundur Árni Stefánsson og Össur Skarphéðinsson munu hafa framsögu um stöðu og horfur í hálfleik. Að því loknu verða almennar umræður og fyrirspurnir.

Fundurinn er öllum opin. Kaffigjald er kr. 400. Mætið vel og takið með ykkur gesti!

Fundarstjóri verður Ágúst Einarsson, prófessor.

**FFJ** *Félag frjálslyndra  
jafnaðarmanna*

Alþýðublaðið  
16. júní 1993



Alþýðublaðið  
11. nóv. 1993

## STÓRGLÆSILEGUR FUNDUR FÉLAGS FRJÁLSLYNDRA JAFNAÐARMANNA

Félag frjálsslyndra jafnaðarmanna (FFJ) hélt glæsilegan fund á Hótel Borg í fyrrakvöld. Tilefnið var útgáfa bókar Gylfa P. Gíslasonar, Viðreisnarárin, og var yfirskrift fundarins: „Viðreisnarárin – Stenst goðsögnin veruleikann? – Stenst Ný viðreisn samanburðinn?“

Að sögn formanns FFJ, Margrétar Björnsdóttur, var fjölmennt á Borginni þetta kvöld og komust færri að en vildu, eða um 150 manns. Framsögu höfðu Gylfi P., Styrmir Gunnarsson ritstjóri Morgunblaðsins og Gunnar Helgi Kristinsson dósent í stjórn málafræði við Háskóla Íslands. Fundarstjóri var Stefán Ólafsson prófessor við félagsvísindadeild Háskólans.

Erindi Gylfa þótti einkar athyglisvert einsög

hans var von og vísa og ekki stóð Styrmir sig síður og velti upp áleitnum spurningum sem Gylfi reyndar svaraði með elegans. Gunnar Helgi leit aðist síðan við að leggja mat á Viðreisnarstjórnina og taldi áhrifin hafa orðið það mikil að eftir andlát þeirrar stjórnar hefði engin ríkisstjórn þorað að víkja út af því spori sem Viðreisnin lagði. Hans mat var að vegna þessa hefðu síðan þá setið þrettán Viðreisnarstjórnir.

Eftir framsöguerindin voru líflugar umræður og fyrirspurnir um málefnið. Fundi var slitið uppúr ellefu og gengu menn ánægðir í bragði út í vetrarnóttina eftir velheppnaðan fund. Til hamingju FFJ.

Alþýðublaðsmynd / Einar Ólason

# Aðrir athyglisverðir fundir 1993-4

- Hver nýtur auðlinda sjávar?
- Atvinnuleysi og skipulag vinnumarkaðar
- Ísland eitt Norðurlanda utan Evrópusambandsins?

# Morgunblaðið 16. september 1994

## FFJ ályktar um ásakanir vegna embættisfærslu Guðmundar Árna Stefánssonar

GERA má ráð fyrir að flokksstjórn Alþýðuflokksins komi saman um aðra helgi og þar verði meðal annars rædd ályktun stjórnar Félags frjálslyndra jafnaðarmanna þar sem segir að ef ekki fáist viðhlitandi skýringar vegna þeirra ávirðinga sem fram hafi komið á opinberum vettvangi á embættisfærslu Guðmundar Árna Stefánssonar telji stjórnin honum ekki sætt í trúnaðarstörfum fyrir Alþýðuflokkinn, þar með töldu varaformanns- og ráðherraembætti. Guðmundur Árni segir að um hannaða atburðarás og skipulagðar árásir á sig sé að ræða og það vekur undrun sína að þessir fimm einstaklingar í stjórninni kjósi að koma fram með þessum hætti, þó hann hafi vitað að stuðningur þeirra við sig í flokksstarfinu hafi ekki verið mjög áberandi til þessa.

### Ekki efnisleg afstaða

Í ályktuninni sem samþykkt var á stjórnarfundum á þriðjudaginn segir að undanfarnar vikur hafi komið fram á opinberum vettvangi ásakanir og visbendingar um að ekki hafi verið allt með felldu í embættisfærslu Guðmundar Árna á ferli hans sem bæjarstjóri í Hafnarfirði og sem ráðherra. Síðan segir: „Félag frjálslyndra jafnaðarmanna tekur á þessu stigi ekki efnislega afstöðu til þessara

# Ekki sætt ef ekki fást skýringar

## Skipulagðar árásir og hönnuð atburðarás, segir Guðmundur Árni Stefánsson

ásakana. Félagið telur hins vegar ljóst að þær og svör ráðherrans til þessa hafa valdið trúnaðarbresti milli almennings og Guðmundar Árna Stefánssonar. Félag frjálslyndra jafnaðarmanna beinir þeim tilmælum til framkvæmdastjórnar Alþýðuflokksins að nú þegar verði boðaður fundur í flokksstjórn þar sem Guðmundur Árni skýri mál sitt, en að því loknu taki flokksstjórn af skarið í þessu máli. Ef ekki fáist viðhlitandi skýringar á þeim ávirðingum sem fram hafa komið telur stjórn FFJ að Guðmundi Árna sé ekki sætt í trúnaðarstörfum

fyrir Alþýðuflokkinn, þar með töldu varaformannsembætti og ráðherrastöðu.“

Guðmundur sagði að hann hefði farið lið fyrir lið yfir þær ávirðingar sem hefðu dunið á sér á undanförunum vikum og mánuðum og hrakið þær. Aðspurður um hvað hann ætti við með hannaðri atburðarás sagði hann að sér kæmi ekki á óvart árásir sem runnar væru undan rifjum pólitískra andstæðinga í Hafnarfirði. Hann hefði hins vegar átt erfiðara með að henda reidur á gagnrýni á störf sín sem ráðherra og lítið á það sem einhvers

konar fjölmiðlafár. „Þetta útspil þessara einstaklinga í flokknum gerir það að verkum að ég hlýt að hugsa minn gang eilífið meira og hlusta kannski nánar á þær kenningar sem uppi hafa verið.“

### Sest ekki á sakabekk

Guðmundur sagði að þessir einstaklingar í stjórn FFJ væru enginn þverskurður af alþýðuflokksmönnum í landinu og eftir þessa ályktun hefðu alþýðuflokksmenn tugum saman hringt í sig og lýst yfir undrun og andstyggingu á þessum málflutningi. Það hefði löngu verið ákveðið að flokksstjórnin kæmi saman í þessum mánuði og ef einhver hefði ekki skilið skýringar sínar til þessa myndi hann eyða tíma í að endurtaka það sem hann hefði áður sagt, en hann myndi ekki setjast á neinn sakabekk.

Guðmundur Oddsson, formaður framkvæmdastjórnar Alþýðuflokksins, segir að formaður kalli saman flokksstjórn. Löngu hafi verið ákveðið að kalla hana saman um miðjan september og hún muni væntanlega koma saman um aðra helgi og það hefði hún gert hvort sem þessi ályktun hefði komið fram eða ekki. Þetta mál yrði auðvitað rætt á fundinum.

Ekki náðist í Jón Baldvin Hannibalsson, formann Alþýðuflokksins, í gærkvöldi.

# Vikublaðið hannar auglýsingu fyrir FFJ

Vikublaðið  
10. tbl. 1993

tu að tæka á þessu tímum, segja formenn 10 félaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í breft til aðgangsnum. Þeir segja að íslensk farmanna- og fiskimannasambönd sé snúin saman að deyja út, á þremur árum hafi ársstórfum íslenskra farmanna á farskipaflo- anum fækkað um 183 stöðugildi, se gert ráð fyrir að hver staða jafngildi einu og hálfu ársstarfi. Nefnd sú sem vitnað er til í upp- þátt var sett á lagningar af Steingrími J. Sigtússyni, sem var sam- gönguráðgjafi fyrir hluta árs 1991. Nefndin var skipuð fulltrú- um hagsmunaaðila, fjármálaábyr- gis og Stiglangamálastofnunar. Verkefni þennar var endurskotið.

kaupskráþingum sambærilegum rekstrargründuð og tilkast með- að nágrannaböðanna. Fulltrúi Sjómannasambandsins hefur reyndar sagt sig úr þessari nefnd. Hann sagði að nefndin hefði ekki fjallað um áhræði til að tryggja mennum íslenskra farmanna á kaupskráþingum rek- lenskra aðila. Breifritarar óttast að kúnni að tyna fap- menna samna, ef e- Svipað vande- nágrönum unum. Þ vande- a 30

sværlagasta, unatki- færi far- ála r- en



Nýkjörin stjórn Félags frjálslýndra jafnaðarmanna: Vihjálmar Þorsteinsson, Margrét Björnsdóttir, Orn Þorláksson, Hildur Kjartansdóttir og Agust Einarsson.

## Ríkið

segir í... íslenska sveitar- með öðru móti. veitarfélög... víðræðum kemur áður en tekið veru frekari ákvarðanir enda veri málið mjög viðkvæmt. Ingvar sagðist sérstaklega fagna hversu jákveft hefti verið tekið undir það að stofna reynslusveitar- félag sem hugsuð væru til að taka við ýmsum verkefnum frá ríkinu til reyndu áður en ákveðið verður hvort þau fari yfir til sveitarfélaga. Hann sagði að tillaga frá sér hefði verið samþykki í bæjarsjórn Hafnarfjarðar, um að Hafnarfjarð- ur ætli eftir að verða reynslusveit- arfélag ef al verður.

Ný stjórn FFJ með margt á þrjónunum, m.a. fund um

## Siðfræði í stjórnámálum og ný skipan kjördæmamála

Nýkjörin stjórn Félags frjálslýndra jafnaðarmanna hélt sinn fyrsta stjórnarfund í fyrradag. Í stjórninni sitja þau Margrét Björnsdóttir, formaður, Vihjálmar Þorsteinsson, ritari, Orn Þorláksson, gjaldkeri, en með- stjórsmendur eru þau Agust Einarsson og Hildur Kjartansdóttir. Fyrsta verkefni stjórnarmar var starfsáætlun næstu tveggja

mánaða. Og það er margt að ger- au. 1. mars er áætlað að haldin fund um siðfræði í stjórnámálum og stjórnsýslu, þar sem kallaðir verða til fyrirlesarar sem vel þekktja til íslenskra og erlendrar stjórnmála. Við erlendis er nú tekið hart á um siðfræðilega ábyrgð og reglur fyrir stjórnmála- menntu og opinbera embættisnem- um og reglur mjög mis-

munandi eftir löndum. Fyrirlesar- ar munu greina ástand mála hér á landi og m.a. ræða þá spurningu hvort setja þurfi ákveðnar reglur fyrir þá er fara með stjórnskipuleg völd eða opinber embætti. Eiga t.d. stjórnmálaflokkar að setja fulltrúum sínum sábergjar og starfræktja sáðanefndir láki og ýmis samök gera. Stjórnir hetur einnig áhuga á að

skóða reglur um kjördæmaskipan og kosningar til Alþingis, teða nýlegar hugmyndir neðjar á veg- um Sjálfstæðisflokksins meðal annars, og fá forystumenn núver- andi stjórnmálaflokka til að svara spurningum hvort þeir byggjast beita sér fyrir breytingum á núver- andi skipan mála. En stjórn FFJ hugsar ekki ein- vörðungu um pólitískar þarfir fé-

lagsmanna, því áformað er að standa fyrir ársbóði með öðrum Alþýðuflokkssfélögum í Reykjavík í Ósmúla Lovissu, þann 5. apríl næstkomandi. Það með er ekki allt talið, því stjórnin byggst bjóða fé- lagsmönnum FFJ og mökum þeirra til samarfangnaðar sáðar hluta aprílmánaðar eða í byrjun máf.

Nýkjörin stjórn Félags frjálslýndra jafnaðarmanna hélt sinn fyrsta stjórnarfund 2. mars sl. og ákvað að efna til almenns fundar um siðfræði í stjórn- málum. Í fundinn á Alþýðuflokkurinn – jafnaðar- mannaflokkur Íslands bæði efnivið og efnis- menn.

### Almennur fundur um siðfræði Alþýðuflokksins

Í Kratarósinni nk. sunnudag kl. 14:00

#### DAGSKRÁ

- Ávarp formanns Alþýðuflokksins;** Jón Baldvin Hannibalsson ræðir farnað siðbót- armanns í stjórnámálum.
- Vestfirski krataleiðin;** Sigthvatur Björgvinsson talar um aðferðafræði við að hygla flokksmönnum í einstökum kjör- dæmum.
- Alþýðuflokkurinn sem leið úr landi;** stöður hjá EFTA: Guðmundur Einarsson, stöður hjá Alþjóðabankanum: Birgir Árnason, sendiherrastöður: Kjartan Jóhannsson.
- Verktakastörf í þágu krataráðherra;** Sigfús Jónsson ræðir atvinnusköpun í eigin þágu.
- Ættartengsl í mannráðningum ráðuneyta;** iðnaðarráðuneyti: Björn Friðfinnsson, utanríkisráðuneyti: Þorbjörn Jónsson, félagsmálaráðuneyti: Gunnar Sigurðsson.
- Ópólitískar embættisveitingar;** Magnús Jónsson veðurstofustjóri segist vona að pólitík hafi ekki ráðið þegar honum var veitt embættið.

Fundarstjóri er Össur Skarphéðinsson sem segir nokkur orð um krataeldi.

Allir sem koma á fundinn geta átt von á embætti eða verktaði!!!

**Stjórn Félags frjálslýndra jafnaðarmanna**

# Vikublaðið, 11. tbl. 1993

## Siðfræði Alpýðuflokksins

Áform nýkjörinnar stjórnar Félags frjálslyndra jafnaðarmanna um að efna til funda um siðfræði stjórnmalaflokka hafa mælst misjafnlega fyrir innan Alpýðuflokksins. Því mun stjórn FFJ

fhuga hvort ekki sé ráðlegt að fara að dæmi Hvíttra engla sem auglýstu fundarefni á dulmáli í Alpýðublaðinu 3. febrúar. Vikublaðið hjálpar hér til með tillögu að auglýsingu:

### KRATAR! KRATAR!

Mikilvægur ákvörðunarfundur verður í  
Kratarósinni  
nk. sunnudag kl. 19:00–21:00.


#### Fundarefni:

2ESXYONJPXX2 MFO  
1TYY ks ss OO 1 MFXX  
1 SS OOO js YY 1 M F js XX

Mætum öll – Godot kemur.

**HREINIR ENGLAR Í FFJ**

Vikublaðið hefur reynt að ráða í rúnimar og komist að þeirri niðurstöðu að lykillinn að dulmálinu sé sá, að X, Y og O séu merkingarlausir stafir, tölustafir gegni sínu eiginlega hlutverki, hástafir merki efni en lágstafir menn. Þá mætti hugsanlega lesa svona úr málinu:



**Fyrsta röð:** 2 E = 2 embætti, S = sendiherra, NJ = Nýju Jörvík, P = París, MF = tillögu FFJ um menn (krata) í embættin.

**Önnur röð:** 1 T = 1 T = 1 embætti forstjóra Tryggingastofnunar, ks = Kalli Steinar, ss = Sighvatur síbrotamaður, 1 MF = tillaga um mann FFJ í embættið.

**Þriðja röð:** 1 SS = 1 embætti seðlabankastjóra; js = Jón Sigurðsson, 1 M F js = eina tillaga FFJ er Jón Sigurðsson.



# Alþýðublaðið 23. nóvember 1994

Aðalfundur FFJ:

## Tveir nýir stjórnarmenn

Birgir Hermannsson og Hörður Filippusson komu í stað Ágústs Einarssonar og Hildar Kjartansdóttur.

„Það var rætt um starf félagsins síðastliðið ár og það sem framundan er. Það var einróma mat manna að félagið væri á réttri braut,“ sagði Margrét S. Björnsdóttir, sem verið hefur formaður Félags frjálslyndra jafnaðarmanna, um aðalfund félagsins sem haldinn var í fyrrakvöld. Tveir viku úr stjórn FFJ, þau Ágúst Einarsson og Hildur Kjartansdóttir.

Í þeirra stað voru kjörnir Birgir Hermannsson aðstoðarmaður umhverfisráðherra og Hörður Filippusson dósent í læknadeild. Áfram sitja í stjórn Margrét S. Björnsdóttir aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Vilhjálmur Þorsteinsson kerfisfræðingur og Örn Þorláksson deildarstjóri. Nýkjörin stjórn á eftir að skipta með sér verkum.

# Morgunblaðið 15. apríl 2000

## Krefst félagslegs réttlætis

**ADALFUNDUR** Félags frjálslyndra jafnaðarmanna (FFJ) var haldinn fimmtudagskvöldið 13. apríl í Litlu-Brekku, við Lækjarbrekku í Reykjavík.

Í stjórn voru kjörin: Aðalstjórn: Eiríkur Bergmann Einarsson, formaður, Hreinn Hreinsson, Hólmfríður Sveinsdóttir, Kristín Marinós-dóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson.

Varastjórn: Margrét S. Björnsdóttir, Þórður H. Ólafsson, Hörður Filipsson og Kristinn Ásgeirsson.

Eftirfarandi stjórn málayfirlýsing Félags frjálslyndra jafnaðarmanna var samþykkt:

„Félag frjálslyndra jafnaðarmanna telur að einstaklingar eigi að njóta frelsis til sjálfstæðs lífs og at-

hafna. Ríkisvaldið á ekki að stunda fyrirtækjarekstur sem vel er hægt að koma fyrir hjá einkaaðilum á samkeppnismarkaði. Hlutverk ríkisvaldsins er að búa svo í haginn að afhafnagleði þegnanna fái notið sín á þeirra eigin forsendum.

Félag frjálslyndra jafnaðarmanna lítur á lýðræði sem hornstein nútíma samfélags og vill að stjórnun þess byggji á lýðræði og dreifræði á öllum sviðum. Umburðarlyndi og frjálslyndi eru óaðskiljanlegir hlutar lýðræðis og dreifræðis. Lýðræðið felur í sér réttinn til að lifa á skjön við viltæknar venjur, svo framarlega sem það skaðar ekki aðra í samfélaginu.

Félag frjálslyndra jafnaðarmanna krefst félagslegs réttlætis. Það er

óviðunandi að í velferðarsamfélagi eins og því íslenska séu stórir hópar sem búa við fátæktarmörk. Ríkisvaldið á að tryggja þegnum sínum mannsæmandi lífsaðstæður, auk þess að sjá þeim fyrir menntun og heilbrigðisþjónustu án tillits til efnahags, eða annarra aðstæðna.

Félag frjálslyndra jafnaðarmanna kallar eftir alþjóðlegri samvinnu. Ísland er óaðskiljanlegur hluti alþjóðasamfélagsins og á að taka þátt í athöfnum þess á jafnréttisgrundvelli. Íslendingar eru Evrópuþjóð og eiga heima í samfélagi lýðræðisþjóða Evrópu. Þannig ber stjórnvöldum að sækja um fulla aðild að Evrópusambandinu, stærsta og öflugasta lýðræðisbandalagi heims.“

# Formenn og stjórnarmenn 1986-2010

- Formenn:
  - Karl Th. Birgisson
  - Guðmundur Einarsson?
  - Margrét S. Björnsdóttir
  - Vilhjálmur Þorsteinsson
  - Eiríkur Bergmann
- Stjórnarmenn:
  - Þórður H. Ólafsson, Örn Þorláksson, Helgi Guðmundsson, Hildur Kjartansdóttir, Ágúst Einarsson, Hörður Filippusson, Birgir Hermannsson, Hreinn Hreinsson, Hólmfríður Sveinsdóttir, Kristín Marínósdóttir



Nýkjarin stjórn Félags frjálslyndra jafnaðarmanna: Vilhjálmur Þorsteinsson, Margrét Björnsdóttir formaður, Örn Þorláksson, Hildur Kjartansdóttir og Ágúst Einarsson.

